

**Nd.**

## **86. Frumvarp**

til laga um prestakallasjóð.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

### 1. gr.

Þegar prestakall er prestslaust, svo að eigi kemur til greiðslu embættislauna eða hluta þeirra, skal fjárhæð sú, sem sparast, miðað við byrjunarlaun presta, renna í sérstakan sjóð, sem kirkjuráð varðveitir.

Sjóðurinn heitir prestakallasjóður og skal hann geymdur í Landsbanka Íslands.

### 2. gr.

Fé því, sem prestakallasjóði áskotnast samkv. 1. gr., skal kirkjuráð ráðstafa til verkefna þeirra, sem því eru ætluð samkv. lögum nr. 21, 6. júlí 1931.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

### Greinargerð.

Með lögum nr. 21, 6. júlí 1931, er sett á fót kirkjuráð fyrir hina íslenzku þjóðkirkju og því markað allviðtækt verksvið til eflingar kristindómi, menning og líknarstarfsemi í landinu. En það bagar starf þess, að það hefir ekki fé til umráða til þessarar starfsemi, og verður hún því að mjög miklu leyti að falla niður.

Á hinn bóginn sýnir reynslan, að fyrir kemur, að prestsembætti eru óveitt um lengri og skemmri tíma, og leiðir þá af því, að nokkuð af fé því, sem kirkjunni og starfsemi hennar er árlega ætlað, er ógreitt og kemur ekki að þeim notum, sem til er ætlazt.

Hér virðist því mjög eðlilegt að miðla svo til, að kirkjuráð fái einmitt þetta fé til umráða. Ríkissjóður missir einskis í af því, sem lög ætlast til að hann greiði í þessu skyni, og kirkjuráð fær möguleika til þess að koma einhverju því í framkvæmd, sem það vill vinna á þessu sama sviði.